

7. fundur Undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn þriðjudaginn 5. maí í fjarfundakerfinu Zoom.

Fundurinn hófst kl. 16:00.

Mættir eru Björn Ingimarsson, Kristjana Sigurðardóttir, Anna Alexandersdóttir, Hannes Karl Hilmarsson, Stefán Bogi Sveinsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Gauti Jóhannesson, Þorbjörg Sandholt og Bergþóra Birgisdóttir, Aðalheiður Borgþórsdóttir, Hildur Þórisdóttir, Vilhjálmur Jónsson og Elvar Snær Kristjánsson.

Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerð síðasta fundar Undirbúningsstjórnar lögð fram og staðfest.

Fundargerðir framkvæmdahóps og starfshóps um rafræna stjórnsýslu lagðar fram til upplýsingar.

2. Sveitarstjórnarkosningar

Umræða um tillögu að nýjum kjördegi sveitarstjórnarkosninga í kjölfar þess að aflýsa þurfti kosningum 18. apríl vegna heimsfaraldurs COVID-19.

Ákveðið að miða við að kjördagur verði 19. september 2020. Framboðsfrestur er þá 8. ágúst og nýja sveitarfélagið tekur til starfa 4. október.

Fulltrúar framboðanna munu ræða þá tillögu fyrir næsta fund Undirbúningsstjórnar, en þá verður tekin ákvörðun um kjördag sem verður send sveitarstjórnarráðuneyti til staðfestingar.

3. Verkefnisáætlun

Róbert kynnti tillögu að uppfærðri tímaáætlun verkefnisins sem byggir á nýjum kjördegi og að sveitarfélagið taki til starfa í október.

Rætt um að atkvæðagreiðsla um nafn á sveitarfélagið fari fram samhliða forsetakosningum 27. júní næstkomandi, fari þær kosningar fram.

4. Erindi frá sveitarfélögum til Undirbúningsstjórnar

Lögð fram til upplýsingar erindi frá sveitarfélögunum um Jafnlaunakerfi, Heilsueflandi samfélag, Barnvæn samfélög og námsferð til Bergen um sameiningarmál. Erindunum verður komið á framfæri við nýja sveitarstjórn.

5. Næsti fundur Undirbúningsstjórnar

Næsti fundur fer fram 19. maí kl. 15.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 16:55.